



SKÁTARNIR

ELDUR

ENDURHUGSA:

Endurhugsum skátadagskránna með það fyrir augum að tryggja að hún sé aðgengileg öllum skátunum í starfinu okkar. Þetta verður hver skátaforingi að gera fyrir sína sveit þar sem skátasveitir eru gríðarlega fjölbreyttar og engin ein skátasveit eins! Hugið að þáttum eins og líkamlegri getu skátanna, bakgrunns, þolinmæði, tungumálakunnáttu og fleira!

LEIÐBEININGAR

Hvernig eru leiðbeiningar gefnar fyrir dagskránna? eru þær kannski hrópaðar yfir hóp af æstum skátum? Gefum okkur frekar góðan tíma í að útskýra dagskránna, leikina og allt hitt. Bæði munnlega, og með myndrænum leiðum ef hægt er! Einnig er mikilvægt að vera viðbúin að útskýra hluti eins oft og skátarnir þurfa. Við meðtökum nefnilega öll upplýsingar ólíkt og á ólíkum hraða!

DÓT

Á að nota eitthvað dót í dagskránni? Bolta, hnífa, snæri eða blöð? Íhugum vel dótið sem á að nota og þælum í því hvort að öll geti notað það. Ef ekki, verum þá tilbúin að skipta dótinu út fyrir eitthvað aðgengilegra, helst hjá öllum hópnum ekki bara þeim sem eru með sértækari þarfir.

UMHVERFI

Hvar fer dagskráin fram? Er það umhverfi aðgengilegt skátunum sem ætla eða vilja taka þátt? Geta þau ferðast um svæðið upp á eigin spýtur eða þurfa þau stuðning? Þösum að umhverfi dagskrárinnar henti hópnum sem sækir hana.

REGLUR

Hvernig eru reglurnar í dagskránni? Geta reglurnar verið hindrun fyrir ákveðna skáta í sveitinni og mætti aðlaga þær í þeim aðstæðum? Jafnvel gefa sumum börnum afslátt af reglu? Tryggjum að reglur séu ekki óþarflega íþyngjandi og hafi allar raunverulegan tilgang.